


# Ársskýrsla | 2008



Einkaleyfastofan

## Efnisyfirlit:

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Starfsemi sviða</b>	<b>4</b>
Lagasvið	4
Einkaleyfasvið	6
Vörumerkja- og hönnunarsvið	8
Vörumerki	8
Hönnun	10
Rekstrarsvið	10
Gæðasvið	10
Faggildingarsvið	11
<b>Ýmsir málaflokkar</b>	<b>12</b>
Innlent samstarf	12
Fræðslu- og kynningarstarfsemi	12
Uppúr skúffunum	14
Samstarf vegna brota á hugverkarétti	14
Ráðstefna um starfsmannamál - þátttaka	15
Erlent samstarf	15
Samstarf við EPO	15
Hugverkahópur EFTA	15
Samstarf faggildingastofa í Evrópu	16
Annað Evrópusamstarf	16
Norrænt samstarf	16
Nordic Patent Institute	17
WIPO - Alþjóðahugverkastofnunin	17
Ráðstefnur	19
Starfsmannamál	19
Endurmenntun	20
Verkferlar, tölvu – og tæknimál	21
Annað	22
<b>Árangursmat</b>	<b>23</b>
Ársáætlun	23
Ársreikningur	23
Samanburður og skýringar á helstu frávikum	23

## Inngangur



Ásta Valdimarsdóttir,  
forstjóri ELS.

Árið 2008 var afar óvenjulegt eins og allir vita. Þegar litið er um öxl má segja að fyrstu þrjú ársfjórðungar í rekstri Einkaleyfastofunnar hafi einkennst af bjartsýni og áhuga á að finna leiðir til að bæta þjónustu stofnunarinnar, en síðasti ársfjórðungurinn einkennst af óvissu og þar af leiðandi frestun eða stöðnun ýmissa verkefna. Þó var haldið áfram vinnu við stór og mikilvæg verkefni eins og innleiðingu rafræns skjalakerfis og smíði einkaleyfaskrár. Þessum verkefnum verður framhaldið og lokið á árinu 2009. Innleiðing á gæðakerfi og skráning verkferla gekk vel á árinu en vottunarferli kerfisins mun frestast.

Áhugavert er að sjá hvernig efnahagsástandið hefur áhrif á fjölda umsókna á okkar sviði. Áhrifin eru að jafnaði ekki hin sömu á einkaleyfi og vörumerki, þar sem þessi verndarsvið eru að vissu leyti ólík í eðli sínu og nýtt með ólíkum hætti.

Heildarfjöldi einkaleyfaumsókna var minni en árið 2007 en staðfestum evrópskum leyfum fjölgaði hins vegar mikið. Þessi þróun var fyrirsjáanleg þar sem áhrif af aðild að evrópska einkaleyfakerfinu koma nú fram í auknum mæli. Einkaleyfaumsóknum fækkaði mikið í október og nóvember en fjölgaði aftur í desember. Athyglisvert verður að sjá hver þróunin verður.

Af vörumerkjaumsóknum er svipaða sögu að segja. Þeim fækkaði í október en fjölgaði aftur í nóvember og desember. Þegar litið er á árið í heild fjölgaði umsóknum lítillega miðað við árið 2007.

Af ofangreindu má sjá að efnahagsástandið hafði í raun ekki áhrif á fjölda umsókna á árinu og þar af leiðandi ekki á starfsemi stofnunarinnar.

Ef litið er á árið 2008 í heild gekk starfsemi og rekstur Einkaleyfastofunnar þrýðisvel. Afköst jukust, og má nefna að aldrei hafa verið útgefin fleiri einkaleyfi og rekstrarkostnaður var lægri en áætlað var, þ.m.t. launakostnaður. Þá var unnið að fjölmörgum úrbótum varðandi innra starf stofnunarinnar sem skila á bættri þjónustu og aukinni framleiðni.

Erfitt er að segja til um þróun mála við núverandi aðstæður. Ljóst er þó að enn sem komið er hefur efnahagsástandið ekki haft áhrif á eftirspurn og þörf fyrir þjónustu Einkaleyfastofunnar. Mikilvægt er, að á þessum tímum, þegar leggja skal áherslu á nýsköpun og nýtingu hugvits, að stofnunin sinni hlutverki sínu við að þjónusta og styðja við þá sem leitast við að vernda og nýta hugverk sín.

*Ásta Valdimarsdóttir*

## Starfsemi sviða

Á Einkaleyfastofu (ELS) starfa þrjú fagsvið, Einkaleyfasvið, Vörumerkja- og hönnunarsvið og Faggildingarsvið, hvert með sinn sviðsstjóra. Auk fagsviða starfa á ELS þrjú svið sem ganga þvert á fagsviðin, þ.e. Lagasvið, Rekstrarsvið og Gæðasvið. Lagasvið hefur m.a. yfirumsjón með laga- og reglugerðarbreytingum og lagalegum álitamálum, Rekstrarsvið hefur yfirumsjón með daglegum rekstri, tölvumálum, fræðslu og kynningarmálum ásamt endurmenntunarmálum og Gæðasvið sér um innleiðingu gæðastjórnunarkerfis og viðhald þess auk verkefnastjórnunar í tilteknum málum.

## Lagasvið

Lagasvið annast hvers kyns lögfræðileg álitaefni sem rísa á fagsviðum.

Lögfræðingar lagasviðs taka við málum ef umsókn er hafnað á vörumerkja- og hönnunarsviði (um 125 erindi á ári). Ennfremur úrskurðar lagasvið í svonefndum andmælamálum í þeim tilvikum þar sem andmælt er skráningu vörumerkja eða hönnunar, eða veitingu einkaleyfa. Á árinu 2008 úrskurðaði ELS í 21 andmælamáli, af 35 málum sem andmælt var.

Sviðið annast samskipti við áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar þegar niðurstöðum ELS er áfrýjað til nefndarinnar.

Þá vinnur lagasvið að breytingum á lögum og reglugerðum, þegar stofnuninni eru falin slík verk.

Unnið var að gerð frumvarps til laga um breytingu á vörumerkjalögum nr. 45/1997 með síðari breytingum, sem felur í sér að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að tæming réttinda við markaðssetningu taki einungis til EES svæðisins. Breytingartillagan var til komin vegna álits EFTA dómstólsins og



Frá jólagleði starfsmanna: Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Ásdís Kristmundsdóttir.

túlkun hans á 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 89/104/EBE, sem fjallar um s.k. tæmingu vörumerkjaréttinda.

Undirbúningur var hafinn seint á árinu 2008 við að sameina ákvæði reglugerðar varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991 og ákvæði auglýsingar um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, í eina reglugerð. Áætlað er að þeirri vinnu verði lokið af hálfu stofnunarinnar, vorið 2009 og geti þá farið til áframhaldandi meðferðar í ráðuneytinu.

## Einkaleyfasvið

Einkaleyfasvið annast meðhöndlun einkaleyfisumsókna og útgáfu einkaleyfa sem og hvers kyns upplýsingagjöf varðandi einkaleyfi.


Einkaleyfisumsóknum fækkaði um 30% á árinu miðað við árið á undan. Á sama tíma var mikil aukning á staðfestum evrópskum einkaleyfum. Þessi þróun einkaleyfisumsókna var fyrir séð þegar Ísland gerðist aðili að evrópska einkaleyfasamningnum (EPC) árið 2004 þar sem stór hluti erlendra aðila nýta sér evrópska einkaleyfakerfið í stað þess að sækja um landsbundið einkaleyfi.

ELS barst 81 landsbundin einkaleyfisumsókn á árinu, þar af 51 umsókn frá íslenskum aðilum, sem er fækkun frá fyrra ári þegar þær voru 60 talsins. Fjöldi umsókna frá íslenskum aðilum hefur þó verið svipaður síðustu ár, eða um 50 umsóknir að meðaltali. Á árinu bárust 24 alþjóðlegar umsóknir stofnuninni (s.k. yfirfærðar PCT-umsóknir) og er það í samræmi við þær áætlanir sem gerðar voru áður en Ísland gerðist aðili að EPC.

Evrópsk einkaleyfi sem staðfest voru hérlandis á árinu 2008 voru 275 talsins sem er mikil aukning frá fyrra ári þegar þær voru 71. Í ársáætlun var gert ráð fyrir 200 staðfestingum.

Lagðar voru inn 22 íslenskar alþjóðlegar grunnumsóknir (PCT) sem er svipaður fjöldi og í fyrra.

Einkaleyfisumsóknir 2008, fjöldi eftir mánuðum




Útgefin einkaleyfi voru 163 talsins og hafa aldrei verið fleiri, en 6 þeirra voru veitt til íslenskra aðila.


Í árslok voru 1002 einkaleyfi í gildi hér á landi, þar af 349 staðfest evrópsk einkaleyfi. Þegar umsækjandi hefur lagt fram þau gögn sem þarf til grundvallar við ákvörðun um útgáfu einkaleyfis, er einkaleyfi að jafnaði gefið út 3-4 mánuðum síðar. Evrópsk einkaleyfi eru staðfest innan við tveimur mánuðum eftir að beiðni berst ásamt þýðingu og greiðslu. Málsmeðferðartími á einkaleyfasviði er þó í mörgum tilfellum háður viðbrögðum og óskum viðskiptavina. Ennfremur eru frestir sem veittir eru til að lagfæra umsóknir fremur langir.

Ákvarðanir í endurveitingarmálum skv. 72. gr. einkaleyfalaga voru þrjár á árinu. Í lok árs 2008 lá fyrir hjá lagasviði ein óafgreidd beiðni um endurveitingu réttinda er barst á seinni hluta ársins. Engin andmæli bárust á árinu.


Umsóknir um einkaleyfi árin 2006-2008



Veitt einkaleyfi árin 2006-2008



Útgefin einkaleyfi árið 2008 eftir tækniflokkum



## Vörumerkja- og hönnunarsvið

Vörumerkja- og hönnunarsvið er fjölmennasta svið stofnunarinnar og meðhöndlar einnig flest erindi. Sviðið fer með meðhöndlun umsókna og skráningu vörumerkja, hönnunar og byggðamerkja auk þess að veita upplýsingar um þessa málaflokka.

## Vörumerki


Fjöldi vörumerkjaumsókna var nánast sá sami og árið 2007 og dreifðust umsóknir nokkuð jafnt yfir árið

Vörumerkjaumsóknir voru samtals 4652 á árinu 2008, eða 16 umsóknum fleiri en á fyrra ári. Alþjóðlegar umsóknir voru 3447 og landsbundnar umsóknir 1205. Þar af voru 548 frá aðilum með aðsetur á Íslandi, en slíkum umsóknum fækkaði um 26% frá árinu 2007. Þá fækkaði landsbundnum umsóknum í eigu erlendra aðila um 10%.

Alþjóðlegar umsóknir hafa aldrei verið fleiri en fjölgunin er 8% milli ára. Alþjóðlegar umsóknir frá íslenskum aðilum voru 99 sem er mjög svipað og á árinu 2007 en þá voru 102 alþjóðlegar umsóknir áframsendar til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO).


Vörumerkjaskráningar á árinu 2008 voru 4533, sem er tæplega 5% fækkun frá árinu á undan. Í lok árs voru um 50 þúsund vörumerkjaskráningar í gildi á Íslandi.

Vörumerkjaumsóknir 2008, fjöldi eftir mánuðum




Alþjóðlegar endurnýjanir jukust mikið á árinu og voru nærri þrefalt fleiri en árið á undan. Ástæða fjölgunarinnar er sú að eftir að Ísland gerðist aðili að samningi um alþjóðlega skráningu vörumerkja árið 1997 fjölgaði slíkum umsóknum mjög hratt. Alþjóðlegar umsóknir sem bárust stofnuninni árið 1998 voru komnar að endurnýjun árið 2008. Landsbundnum endurnýjunum fækkaði óverulega.


### Vörumerki endurnýjanir 2008, fjöldi eftir mánuðum



### Skráð vörumerki árin 2006-2008



### Vörumerkjaumsóknir árið 2008 eftir uppruna (fleiri en 100 umsóknir pr. land)



## Hönnun

Hönnunarumsóknum fjölgaði um 38% frá árinu áður. Heildarfjöldi umsókna var 91 umsókn, þar af voru 56 alþjóðlegar, 23 umsóknir frá aðilum búsettum á Íslandi og 12 frá erlendum umsækjendum.

Ísland er síðan 2004 aðili að alþjóðlegum samningi um skráningu hönnunar („The Geneva Act of the Hague Agreement concerning the international registration of industrial designs“). Aðildarríkin eru nú 34, þar á meðal Evrópusambandið. Það vekur athygli að alþjóðlegum umsóknum undir samningnum fjölgaði um ríflega 50% milli ára hér á landi. Þetta má þakka fjölgun aðildarríkjanna og því hversu einfalt umsóknarferlið er í notkun.

## Rekstrarsvið

Verkefni rekstrarsviðs eru af margvíslegum toga og taka til margra og ólíkra þátta starfseminnar. Eins og nafnið gefur til kynna fellur allur almennur rekstur undir þetta svið, fjárreiður, bókhald og áætlanagerð. Einnig fellur undir sviðið umsjón með móttöku allra erinda, skjalavarsla, tölvumál og kerfisstjórn.

Mörg af þeim stóru verkefnum sem ráðist var í á árinu heyra undir sviðið. Má þar m.a. nefna innleiðingu á „GoPro.net“ skjalavistunarkerfinu, tekið var upp nýtt póstkerfi, hafin var vinna við nýja heimasíðu og undirbúningur að nýju fjárhagskerfi fyrir stofnunina hófst. Þá lá einnig mikil vinna á bak við aðlaganir tölvukerfa að nýjum kerfum.

Ný gjaldskrá fyrir starfsemi stofnunarinnar, samkvæmt reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. nr. 916/2001 með síðari breytingum, tók gildi þann 1. mars 2008.

## Gæðasvið

Vinna við innleiðingu gæðastjórnunarkerfis ELS, byggt á ISO9001:2008, hélt áfram á árinu og teljast nú vel flestir verkferlar er tengjast starfsemi stofnunarinnar tilbúnir.

Gæðahandbók ELS var færð yfir í rafræna skjalavistunarkerfið og gefið heitið Fróði. Fróði er nú flestu starfsfólki vel kunnugur og starfsfólk hefur jafnt og þétt tileinkað sér notkun hans og innihald.

Vonir stóðu til að vottunarferli yrði sett af stað á árinu en frá þeirri ákvörðun var vikið sökum mikils álags við innleiðingu rafræna skjalavistunarkerfisins og annarra verkefna sem koma til með að hafa áhrif á núverandi vinnulag. Ákvörðun var því tekin um að aðlaga gæðastjórnunarkerfið enn frekar að háttum stofnunarinnar áður en farið yrði í vottun. Þannig var unnið að því á árinu að festa í sessi ýmis ferli eins og almenna verkefnastjórnun, mælingar á

starfsemi stofnunarinnar á hverju sviði, reglubundna rýni gæðastjórnunarkerfisins og ábendingaferli svo eitthvað sé nefnt.

Samstarf var hafið á vettvangi gæðamála við Nordic Patent Institute en stofnunin er um þessar mundir að vinna að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis byggt á ISO9001:2008.

Einn aðili starfaði sem gæðastjóri jafnframt því að sinna verkefnastjórnun ýmissa verkefna.

## Faggildingarsvið

Faggilding er mat á hæfni skoðunar-, prófunar- eða vottunarstofu til að sýna fram á samræmi vöru, þjónustu, eða verkferla við tilteknar kröfur.

Faggildingarsvið bauð á árinu upp á faggildingu skoðunarstofa vegna ökutækja, raforkuvirkja, ökurita, markaðseftirlits, sjávarútvegs, fólkslyfta, skipa, leikvalla og skemmtibáta. Vegna vöruvottunar var boðið upp á faggildingu vegna lífrænna afurða en vegna prófunarstofa var boðið upp á faggildingu vegna lögmælifræði, ósjálfvirkra voga, byggingarvara, matvæla og á heilsusviði. Hafinn var undirbúningur vegna faggildingar vottunarstofa fyrir stjórnunarkerfi.

Samtals voru 37 fyrirtæki faggilt með 49 faggildingar á 15 tæknisviðum. Flest fyrirtæki eru með faggildingu á einu tæknisviði en mest á 5 mismunandi tæknisviðum.

Faggilding er starfrækt alþjóðlega og gegnir veigamiklu hlutverki á innri markaðnum í Evrópu. Í ágúst s.l. kom út reglugerð um faggildingu og markaðseftirlit sem er rammalöggjöf vegna eftirlits með heilsu, öryggi og umhverfi og eykur hlutverk faggildingar á markaðnum.

## Ýmsir málaflokkar

Á stofnuninni eru á hverjum tíma ýmis verkefni í gangi sem oftast tveir til þrír starfmenn vinna við og verkefnisstjóri, sem til þess er skipaður, stýrir. Verkefnin ganga oft þvert á fagsviðin.

## Innlent samstarf

### Fræðslu- og kynningarstarfsemi

Ýmsir fræðslu- og kynningarfundir voru haldnir á vegum ELS á árinu.

Í febrúar var haldinn kynningarfundur um Nordic Patent Institute (sjá nánar kaflann um erlent samstarf), sem tók formlega til starfa þann 1. janúar 2008. Forstjóri Nordic Patent Institute og stjórnarmenn fluttu erindi og kynntu þennan nýja valkost fyrir íslenska umsækjendur en auk þeirra flutti Einar Karl Friðriksson, formaður Félags umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja (FUVE), erindi.



*Frá kynningarfundum um Nordic Patent Institute sem haldin var hjá Einkaleyfastofnunni. Hægri mynd frá vinstri: Gunnar Guttormsson fyrrverandi forstjóri ELS og forstjórar norsku og dönsku einkaleyfastofnanna.*

Þá tók ELS þátt í framadögum háskólanema sem haldnir voru í Háskólabíói í byrjun febrúar. Þar var starfsemi ELS kynnt auk þess sem veittar voru almennar upplýsingar til háskólanema um hugverkaréttindi.

Alþjóðlegur dagur hugverkaréttar sem er 26. apríl ár hvert var haldinn hátíðlegur þann 23. apríl. Að þessu sinni var haldin ráðstefna undir yfirskriftinni „Virðum hugverkarétt“. Ráðstefnan var haldin í Norræna húsinu og var einkar vel sótt. Fyrirlestrarir tóku á ýmsum ólíkum þáttum hugverkaréttar og brotum gegn hugverkarétti sem og þau réttarræði sem til staðar eru fyrir réttshafa. Fyrirlesarar voru Erla S. Árnadóttir lögmaður, Eyjólfur Pálsson frá EPAL, Marie Pattullo frá European Brands Association, Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður og Halldór Jörgensson framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi. Í pallborði sátu Ásta Valdimarsdóttir forstjóri ELS, Gunnar Guðmundsson frá sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda og Hörður Davíð Harðarson frá Tollstjóraembættinu. Fundarstjóri var Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Í nóvember var haldið námskeið um PCT-kerfið, alþjóðlegt umsóknarferli einkaleyfa. Fyrirlesari var Yolande Coeckelbergs frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO). Námskeiðið var haldið í húsakynnum ELS en vel yfir 20 manns sóttu námskeiðið.



Ráðstefnan „Virðum hugverkarétt“ var haldin í Norræna húsinu. Miðju mynd: Páll Óskar Hjálmtýsson. Mynd til hægri: Frá vinstri: Gunnar Guðmundsson, Hörður Davíð Harðarson, Ásta Valdimarsdóttir og fundarstjóri Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Nokkuð var um að starfsmenn ELS héldu fyrirlestra fyrir nemendur af hinum ýmsu skólastigum á árinu. Þannig heimsóttu laganemar frá Háskólanum í Reykjavík ELS í janúar og hlýddu á fyrirlestur um hugverkarétt. Nemendur í einkaleyfarétti við Háskóla Íslands fengu fyrirlestur um einkaleyfarétt í febrúar og nemendur við Iðnskólann í Reykjavík komu í heimsókn í mars og hlýddu á fyrirlestra um vörumerki og hönnun. Félag efnafræðinema við Háskóla Íslands kom í heimsókn í október sem og nemendur við Iðnskólann í Reykjavík. Þá var haldin kynning fyrir nemendur í lyfjafræði við Háskóla Íslands í nóvember.



Námskeið um PCT-kerfið. Mynd til hægri: Yolande Coeckelbergs frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO).

Í apríl kom yngri kynslóðin í heimsókn til að fræðast um hugverkarétt en bæði 1. bekkur í Landakotsskóla og 2. bekkur í Mýrarhúsaskóla komu í heimsókn ásamt kennurum sínum.

Í tengslum við samstarfssamninga um upplýsingasetur um einkaleyfi, annars vegar við Impru og hins vegar Rannsóknarþjónustu HÍ, var starfsmönnum upplýsingasetrana boðið til almennra kynninga um einkaleyfi, vörumerki og hönnun í lok maí. Var þar farið yfir ýmis grunnatriði sem og þær nýjungar sem orðið hafa á sviði hugverkaréttar á síðustu misserum. Nýir starfsmenn ELS hlýddu einnig á kynningarnar og fengu þannig tækifæri til að kynna öllum hliðum starfseminnar með einföldum hætti.

## Uppúr skúffunum

Eins og undanfarin ár, styrkti ELS verkefnið „Uppúr skúffunum“, en auk ELS eru samstarfsaðilar þess Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Tæknigarður og Árnason Faktor. „Uppúr skúffunum“ er hugmyndasamkeppni sem allir nemendur og kennarar Háskóla Íslands og Landspítala - háskólasjúkrahúss eða aðrir þeir sem tengjast H.Í., geta tekið þátt í.

Þetta er tíunda árið sem samkeppnin er haldin, og féllu hátíðarhöld saman við 20 ára afmæli Tæknigarðs þar sem athöfnin fór fram 21. nóvember.

Að þessu sinni hlaut fyrstu verðlaun verkefni sem nefnist „Gönguhermir“. Þetta er samstarfsverkefni sjúkraþjálfunar- og verkfræðideildar sem þrír nemendur, Andri Ingvason, Bjarki Már Eliasson og Jóna Guðný Artúrsdóttir, unnu undir leiðsögn dr. Karls S. Guðmundssonar dósents í verkfræði, dr. Fjólu Jónsdóttur prófessors í verkfræði og Þorbjörgu Guðjónsdóttur lektors í sjúkraþjálfun. Verkefnið tekur til tækis sem hugsað er fyrir mikið hreyfihömluð börn og ætlað er til að líkja eftir gönguhreyfingum með það að sjónarmiði að m.a. styrkja stoðkerfi og líkamlegt úthald barnanna.

Önnur verðlaun hlaut Arna Harðardóttir fyrir verkefni sitt „Stöðluð skráning meðferða í sjúkraþjálfun“. Verkefnið snýst um að hanna samræmt kerfi til skráningar fyrir meðferðir sjúkraþjálfara en sambærilegt kerfi er í notkun víða um heim fyrir skráningu læknismeðferða.

Þriðju verðlaun hlaut dr. Ólína Þorvarðardóttir fyrir verkefni sitt „Spánverjavígin 1615 - sögusafn og söguslóð“. Hugmyndin lýtur að stofnun safns á Vestfjörðum þar sem rakin eru hin illræmdu víg spænskra fiskimanna 1615 á Vestfjörðum. Þess er vænst að slíkt safn verði til þess að vekja athygli heimamanna og ferðamanna á sögu svæðisins.

## Samstarf vegna brota á hugverkarétti

Í kjölfar ráðstefnunnar „Virðum hugverkarétt“ (sjá kaflann um Fræðslu- og kynningarstarfsemi) boðaði ELS til fundar með ýmsum stofnunum og hagsmunaaðilum vegna frekari aðgerða til að sporna við brotum gegn hugverkarétti. Tveir fjölmennir fundir voru haldnir í byrjun sumars þar sem m.a. voru mættir fulltrúar frá Tollstjóraembættinu, Viðskiptaráðuneytinu, Lyfjastofnun, Menntamálaráðuneytinu, Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), auk fulltrúa ELS. Í framhaldinu var ákveðið að stofna fjögurra manna vinnuhóp sem ynni að því að móta tillögur til úrbóta, t.d. varðandi fræðslu, kynningar og lagaumhverfi. Vinnuhópin skipa aðilar frá Einkaleyfastofu, Menntamálaráðuneyti, Tollstjóraembættinu og SFH.

## Ráðstefna um starfsmannamál - þátttaka

Í febrúar var haldin ráðstefna um stjórnun og starfsmannamál hjá ríkisstofnunum, á vegum fjármálaráðuneytis, forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á Grand hótél. Forstjóri ELS kynnti þar stjórnunarhætti og starfsmannamál ELS, m.a. gæðakerfi, starfsmannastefnu, starfsmannasamtöl sem og þjálfunar- og endurmenntunarstefnu stofnunarinnar.



## Erlent samstarf

### Samstarf við EPO

Meginhluti samstarfs innan EPO fer fram í framkvæmdaráði, fjárlaganefnd og í tveimur ráðgefandi nefndum er varða lagaleg efni annars vegar og tæknileg mál hins vegar.

Sérstakur tvíhliða samstarfssamningur milli EPO og ELS, sem fól í sér ýmis konar aðstoð vegna aðildar að EPO, rann út í maí 2008. Framvegis mun Ísland þó geta tekið þátt í þeim samstarfsverkefnum sem í boði eru og fengið fjárhagslegan stuðning frá EPO sem nemur 25% af kostnaði þeirra verkefna.

Á árinu 2008 var í framkvæmdaráði EPO rætt mikið um endurskoðun á stjórnskipulagi stofnunarinnar. Meðal annars var boðað til sérstaks fundar til að ræða þau mál meðal aðildarríkja í maí í Slóveníu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi og verkferlum stofnunarinnar í kjölfarið.

## Hugverkahópur EFTA

Fundir í hugverkahópi EFTA í Brussel voru haldnir í maí og október. Sviðsstjóri lagasviðs sótti báða fundina. Efni fundanna var m.a. nauðungarleyfi og Evrópu-einkaleyfi („Community patent“) og reglugerð ESB nr. 1901/2006 sem varðar viðbótareinkaleyfi vegna lyfja fyrir börn. Þá var rædd svæðisbundin tæming réttinda vörumerkjaeigenda. Þá voru rædd málefni tengd WIPO og WTO – TRIPS. Auk þess voru rædd mál tengd höfundarétti.

## Samstarf faggildingastofa í Evrópu

Faggildingarstofur í Evrópu hafa með sér samstarf um faggildingu. Starfsmenn faggildingarsviðs sóttu aðalfundi „European co-operation for Accreditation“ (EA) og tóku þátt í starfi þriggja fastanefnda EA um mat á starfsemi faggildingarstofa og um skoðunar- og vottunarstofur. Samstarfið miðar að því að starfsemi faggildingarstofa sé sambærileg og hæfni samræmismatsstofa (prófunar-, vottunar- og skoðunarstofa) sem þær faggilda sé tryggð.

## Annað Evrópusamstarf

Fyrir hönd Íslands tók starfsmaður ELS þátt í vinnuhópi ESB um úrræði vegna brota á hugverkarétti. Starfsmaðurinn sótti þrjá af fjórum fundum sem haldnir voru í Brussel á árinu. Vinnan miðaði að því að skoða bestu aðferðir og úrræði innan Evrópu og undirbúa skýrslu þar sem fram koma tillögur til bættra úrræða og forvarna vegna brota á hugverkarétti. Ákveðið var að lokaskýrslan yrði kynnt á ráðstefnu í apríl 2009 og yfirlýsing yrði gefin út sem beint yrði til breiðs hóps stjórnáamanna og fagaðila í viðskiptalífínu.

## Norrænt samstarf

Norrænu einkaleyfastofurnar hafa haft með sér samstarf í áratugi. Hin síðari ár hafa eystrasaltsríkin bæst í hópinn og eru nú hluti af samstarfinu. Þannig hittast reglulega vinnuhópar varðandi einkaleyfi og vörumerki og hönnun, og eru sérstaklega rædd mál sem varða samræmingu í lagaumhverfi og meðhöndlun umsókna. Þá hittast forstjórar stofnananna einnig reglulega.

Ávinningur ELS hefur verið mikill af þessu samstarfi, þar sem gaumgæfilega hefur verið fylgst með öllum breytingum á lagaumhverfinu í nágrannalöndunum og hægt hefur verið að bera fram spurningar og leysa úr ýmsum vafamálum varðandi framkvæmd við skráningu hugverkaréttinda.

Fundað var tvisvar á ári í hvorum vinnuhópi fyrir sig, auk þess hittust forstjórar tvisvar.

Norrænn vinnufundur um einkaleyfi, var haldinn í Stokkhólmi í lok apríl. Á fundinum var rætt m.a. „Patent Prosecution Highway“ (PPH) eða flýtimeðferð einkaleyfa, rafræna undirskrift einkaleyfisumsókna auk fastra liða s.s nýjunga frá hverju landi. Seinni fundurinn var haldinn í nóvember í Riga, en þar var m.a. rætt um birtingu á viðbótarvottorði, málsmeðferð hjá EPO og áhrif sameiginlegs einkaleyfakerfis Evrópusambandsins.

Í vinnuhópnum um vörumerki voru rædd margvísleg atriði sem lúta að framkvæmd og meðferð vörumerkja- og hönnunarmála. Bar þar hæst umræða um meðferð rafrænna umsókna. Þá er mikill áhugi á auknum rafrænum samskiptum á milli stofnananna og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Ljóst var af viðræðunum að ELS er í fararbroddi hvað meðhöndlunartíma umsókna um

vörumerki og hönnun varðar, en víða er afgreiðslutíminn lengri en átta mánuðir.

Á árlegum fundi norrænu og baltnesku faggildingarstofanna, NORDA, voru ræddar breytingar á starfsemi faggildingarstofanna vegna nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins um faggildingu og markaðseftirlit og nauðsynlegar skipulagsbreytingar á „European co-operation for Accreditation“ (EA).

## Nordic Patent Institute

Nordic Patent Institute er alþjóðleg nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnun, í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) og eru Ísland, Danmörk og Noregur aðilar að stofnuninni.

Stofnunin sem hóf störf í janúar hefur aðsetur í Kaupmannahöfn. Starfsmaður er aðeins einn, en yfirstjórn er í höndum þriggja manna stjórnar sem í eiga sæti forstjórar einkaleyfastofnana viðkomandi ríkja.

Viðbrögð voru hófleg en nokkur fjöldi umsókna barst stofnuninni, aðallega frá Noregi, umsóknir frá Íslandi voru tvær.



Ísland, Danmörk og Noregur eru aðilar að Nordic Patent Institute. Mið mynd: Forstjóri Nordic Patent Institute, Niels Ravn, stjórnina skipa Jesper Kongstad, Ásta Valdimarsdóttir og Jørgen Smith. T.h. Nordic Patent Institute skrifstofan opnuð formlega 10. janúar 2008.

## WIPO - Alþjóðahugverkastofnunin

Nýr framkvæmdastjóri WIPO tók til starfa á árinu, dr. Francis Gurry. Miklar vonir eru bundnar við að honum takist að bæta starfsemi stofnunarinnar. Francis Gurry hefur um árabíl gegnt ábyrgðarmiklum störfum innan WIPO og hefur mikla þekkingu á sviðinu.

Mikil umræða hefur verið á alþjóðlegum vettvangi um eftirlíkingar og brot á hugverkaréttindum. Á allsherjarþingi WIPO 2008, sem forstjóri og sviðsstjóri einkaleyfasviðs sóttu, voru m.a. ræddar hugmyndir um það, hvort og þá hvernig WIPO ætti að verða leiðandi í þessari umræðu.

Varðandi samstarfssáttmálann um einkaleyfi (PCT) var m.a. samþykkt á þinginu að taka upp nýjan kost fyrir umsækjendur í rannsóknum á einkaleyfum, „Supplementary international search“ (SIS) en með þessu gefst umsækjanda



*Dr. Francis Gurry var kosinn aðalframkvæmdastjóri WIPO á árinu. Frá allsherjarþingi WIPO í september.*

kostur á að fá alþjóðlega umsókn sína rannsakaða af tveimur alþjóðlegum rannsóknarstofnunum. Þannig fær umsækjandi tvær óháðar skýrslur með mati á nýnæmi uppfinningarinnar. Umsækjandi ber þó allan kostnað af rannsóknunum.

Helstu breytingar á samningnum um alþjóðlega skráningu vörumerkja (Madrid-bókunin), sem samþykktar voru á þinginu voru þær, að breytt var ákvæðum um aðgengi að upplýsingum varðandi það hvað verður um alþjóðlegra skráningar í tilnefndum ríkjum eftir tilnefningu. Gerð var breyting á 16. og 17. grein reglugerðarinnar og bætt við greinum 18bis, 18ter og 40(5). Nýju ákvæðin taka gildi 1. september 2009 en ekki er skylda að senda tilkynningu um skráningu fyrr en 1. janúar 2011.

Á síðustu árum hefur aukist umræða meðal umboðsmanna einkaleyfa og vörumerkja um mikilvægi þess að um þeirra störf gildi sömu reglur um undanþágu til að veita upplýsingar fyrir dómi og gildir fyrir lögmenn („patent attorney-client privilege“), og var það rætt á þinginu. WIPO ásamt alþjóðlegum samtökum um vernd eignaréttinda á svið iðnaðar (AIPPI) hélt sérstaka ráðstefnu um málefni þetta í maí 2008. Ráðstefnuna sóttu starfsmaður ELS ásamt fulltrúa frá viðskiptaráðuneytinu. Niðurstaða ráðstefnunnar var sú að allflestar þjóðir sem fjölluðu um málið töldu nauðsyn á slíkri undanþágu.



*Frá verðlaunaafhendingu „European Inventor of the year“. Verðlaunahafar ásamt forseta EPO, Alison Brimelow.*

Misjafnt var hvort menn vildu að undanþágan yrði sett í lög eða hvort gerður yrði alþjóðlegur samningur um slíka undanþágu til handa umboðsmönnum einkaleyfa og vörumerkja. Í kjölfar ráðstefnunnar á fundi SCP („The Standing Committee on the Law of Patents“) sem haldinn var í júní, var ákveðið að útbúa skýrslu um niðurstöður ráðstefnunnar og kynna á fundi SCP árið 2009.

## Ráðstefnur

Í apríl var haldin alþjóðleg ráðstefna í Riga um hugverkarétt og efnahagslíf. Forstjóri ELS hélt þar fyrirlestur sem bar heitið „IP without borders“. Í fyrirlestrinum voru Actavis og Marel tekin sem dæmi um fyrirtæki sem byggðu á hugverkum.

Í maí voru veitt verðlaun fyrir „uppfinningu ársins í Evrópu“ í Ljubljana í Slóveníu. Að verðlaununum stóðu Evrópska einkaleyfastofan (EPO) og Evrópusambandið. Van Phillips, hönnuður koltrefjagervífótalínu Össurar var tilnefndur í flokki uppfinningamanna frá löndum fyrir utan Evrópu.

## Starfsmannamál

Í lok árs 2008 voru starfsmenn 29 talsins, en auk þess gegndu fjórir starfsmenn sumarstörfum og minniháttar hlutastörfum á árinu. Tveir starfsmenn hættu störfum, tveir starfsmenn fóru í barnseignarleyfi á árinu, tveir komu til baka úr leyfi. Þrír nýir starfsmenn voru ráðnir tímabundið til starfa vegna fjarveru fastráðinna starfsmanna, en þrír nýir starfsmenn voru fastráðnir í stað þeirra sem hættu. Þá fór Ásta Valdimarsdóttir forstjóri í tímabundið leyfi frá störfum þann 1. október en settur forstjóri var Elín R. Jónsdóttir.



Frá jólagleði starfsmanna: Ólöf V. Ragnarsdóttir, Jón Stefán Björnsson, Linda Björk Helgadóttir, Elín R. Jónsdóttir og Helgi H. Hannesson.

## Endurmenntun

Líkt og fyrri ár lagði ELS áherslu á að auka þekkingu og færni strfsfólks með ýmis konar endurmenntun.

Hér innanlands sóttu starfsmenn m.a. námskeið í gerð lagafrumvarpa og reglugerða, námskeið um fjármál ríkisstofnanna, námskeið í gerð rekstrar-áætlana, námskeið um starfsanda hjá opinberum stofnunum, tölvunámskeið, gæðastjórnunarnámskeið og námskeið um miðlun upplýsinga og góða þjónustulund. Þá sóttu nær allir starfsmenn sérsniðið enskunámskeið.

Starfsmenn einkaleyfasviðs sóttu ýmis námskeið á árinu. Einn starfsmaður tók þátt í námskeiðaröð fyrir þá aðila sem hafa öðlast réttindi til umboðsmennsku fyrir evrópsku einkaleyfastofnuninni á vegum Félags evrópskra umboðsmanna (epi). Um var að ræða fjögur námskeið á árinu en ætlað er að námskeiðaröðinni ljúki á árinu 2009.

Í desember hófu tveir starfsmenn einkaleyfasviðs þátttöku í námskeiði í flokkun einkaleyfa sem kennt er í gegnum netið. Áætlað er að námskeiðið standi yfir í 6 mánuði.

Hluti endurmenntunar fór fram í samstafi við erlendar stofnanir, enda stafa um 80% allra mála stofnunarinnar frá alþjóðlegum samningum.

Í janúar sótti rannsakandi þjálfun hjá sænsku einkaleyfastofunni og í apríl sótti starfsmaður einkaleyfasviðs almennt námskeið um einkaleyfi á vegum EPO. Þá sótti starfsmaður einkaleyfasviðs og skjalastjóri stofnunarinnar árlega ráðstefnu á vegum EPO um upplýsingasetur og einkaleyfabanka (Patlib). Í september sótti starfsmaður sviðsins ásamt starfsmanni lagasviðs námskeið á vegum EPO um viðbætur við evrópska einkaleyfasamninginn, EPC 2000. Þá sótti starfsmaður sviðsins ráðstefnu í Stokkhólmi í október um evrópska einkaleyfakerfið og annar sótti námskeið um flokkunarkerfi einkaleyfa.

Á vörumerkja og hönnunarsviði sóttu tveir starfsmenn námskeið hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) um Madrid-kerfið, alþjóðlegt skráningarkerfi vörumerkja og um Haag-kerfið, alþjóðlegt skráningarkerfi hönnunar. Þá sótti einn starfsmaður sviðsins námskeið um alþjóðlegar skráningar vörumerkja hjá bandarísku einkaleyfastofunni (USPTO) í september. Sviðsstjóri vörumerkja- og hönnunarsviðs sótti málþing á vegum WIPO um hugverkaréttindi og lítil og meðalstór fyrirtæki í OECD ríkjum.

Á rekstrarsviði sótti skjalastjóri ráðstefnu skjalastjórnenda í Skotlandi. Netstjóri sótti tvö sérhæfð tölvunámskeið hjá EPO í apríl og í október.

Starfsmaður sem annast fræðslu- og kynningarmál stofnunarinnar lauk þátttöku í námskeiðaröð á vegum EPO um stuðning við nýsköpun („Innovation support“).

## Verkferlar, tölvu – og tæknimál

Miklar breytingar á verklagi og verkferlum voru á stofnuninni á árinu.


Haldið var áfram með innleiðingu gæðastjórnunarkerfis stofnunarinnar, í samræmi við alþjóðlega staðla (ISO 9001:2008) um stjórnun, en hafist var handa við verkið á árinu 2007. Samhliða var haldið áfram innleiðingu rafræns skjalavistunarkerfis, „GoPro.net“, sem er heildstæð mála- og skjalastjórnunarlausn sem byggir á „.net“ tækni frá Microsoft. Sýnt þótti að ljúka yrði því verkefni áður en hægt yrði að festa gæðastjórnunarkerfið í sessi, enda skjalastjórnun einn meginþátturinn í alþjóðlegu gæðastjórnunarkerfi. Því var ljóst, seinni part árs, að ekki yrði af fyrirhugaðri vottun gæðakerfisins á árinu.

Innleiðing á rafrænu skjalastjórnunarkerfi hefur í för með sér miklar breytingar á verkferlum en einnig hefur verið unnið að því að aðlaga „GoPro.net“ kerfið að öðrum kerfum stofnunarinnar.

Samhliða innleiðingu á Gopro.net hófst vinna við gerð nýs skjalalykils og skjalavistunaráætlunar fyrir stofnunina.

Nýtt tölvupóstkerfi var tekið í notkun í byrjun árs. Var þar „Lotus Notes“ skipt út fyrir „Outlook“-kerfi Microsoft en þessi breyting var m.a. liður í innleiðingu á „GoPro.net“ skjalavistunarkerfinu.

Á árinu var einnig unnið að gerð nýrrar vefsíðu sem mun tekin í notkun 2009. Talsverð vinna var lögð í að endurskoða upplýsingarnar á síðunni og meta hvenig væri hentugast að skipuleggja hana.



Forsíða endurnýjaðrar heimasíðu Einkaleyfastofunnar.

Þá var haldið áfram verkefninu við að koma einkaleyfaskjölum á rafrænt form og senda yfir til gagnabanka Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) sem opinn er rannsakendum aðildarríkja EPO. Þannig koma einnig íslensk gögn upp við nýnæmisrannsókn einkaleyfa EPO og margra aðildarlanda, sem nýta sér þennan gagnagrunn. Um miðjan október heimsótti sérfræðingur frá EPO stofnunina sem fór yfir stöðuna og gerði nauðsynlegar breytingar á kerfinu í samræmi við uppfærslur sem átt hafa sér stað á þeim hugbúnaði sem notaður er til verkefnisins.

Bókfræðileg gögn um íslenskar einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi, eru nú þegar aðgengileg í gagnabanka EPO („esp@cenet“) sem opinn er almenningi, og geymir tugmilljónir einkaleyfagagna hvaðanæva að úr heiminum.

ELS gefur út Einkaleyfatíðindi í hverjum mánuði sem sýnir lögboðnar birtingar umsókna og skráninga. Ritið birtist nú eingöngu á rafrænu formi á heimasíðu stofnunarinnar. Með nýju umbrotsforriti sem tekið var í notkun á árinu, var útliti tíðindanna breytt og það bætt.

Í nóvember hófst vinna við smíði nýrrar einkaleyfaskrár. Gert hafði verið ráð fyrir að ELS gæti notað tölvukerfi frá EPO en þar sem ekki var fyrirsjáanlegt að kerfið yrði tilbúið til notkunar á allra næstu árum varð að finna aðra lausn þar sem ný og bætt einkaleyfaskrá var orðin mjög aðkallandi. Tekin var sú ákvörðun að þróa frekar það kerfi sem starfsmaður ELS hafði þróað til að halda utan um evrópsku einkaleyfin og þær upplýsingar sem þeim fylgja. Stefnt er að því að verkinu ljúki á næsta ári.

Gera þurfti fleiri viðbætur og endurbætur á vörumerkjaskránni þetta árið samanborðið við fyrri ár. Ber þar helst að nefna vinnu við aðlögun að „GoPro.net“ en einnig breyting sem gerir skránni kleift að taka rafrænt á móti alþjóðlegum vörumerkjaumsóknum beint frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO). Fyrsta móttaka rafrænna umsókna var í nóvember en með þessu móti fara allar upplýsingar umsóknanna sjálfkrafa inn í vörumerkjaskrána sem sparar mikla vinnu.



*101 svanur, listaverk eftir Huldu Hákon í anddyri Einkaleyfastofnunar.*

## Annað

Árið 2006 hlaut stofnunin viljrði fyrir styrk til listaverkakaupa frá Listskreytingarsjóði ríkisins. Í kjölfarið tilnefndi sjóðurinn Jón Proppé sem listrænan ráðgjafa til þess að aðstoða stofnunina við val á verki. Ákveðið var að leita til Huldu Hákon sem hannaði lágmyndina 101 svanur. Verkið sem er m.a. unnið úr gífsi var tilbúið í maí 2008 og var því komið fyrir í móttöku stofnunarinnar á 1. hæð.

# Árangursmat

## Ársáætlun

Á fjárlögum ársins 2008 voru tekjur ELS áætlaðar 133,8 m.kr., þar af 10,6 m.kr. greitt úr ríkissjóði vegna faggildingar. Þá voru gjöld áætluð 133,8 m.kr. Í samþykktri rekstraráætlun var hins vegar gert ráð fyrir rekstrarkostnaði uppá 234 m.kr. en tekjur áætlaðar 164 m.kr. (innheimt af ríkistekjum) og 20,6 m. kr. greitt úr ríkissjóði. Þá var áætlað að nýta 50 m.kr. höfuðstól stofnunarinnar til rekstrarins.

## Ársreikningur

Tekjur ársins 2008 urðu 249 m.kr. en gjöld 241,5 m.kr., þannig urðu tekjur um 7,5 m.kr. hærri en gjöld. Tekjur voru um 64,5 m. kr. hærri en áætlað var í rekstraráætlun. Gjöld voru um 7,5 m. kr. hærri en áætlað var í rekstraráætlun. Framlag af fjárlögum vegna faggildingar var 13,4 m. kr. Sértekjur stofnunarinnar voru um 9 m.kr. sem aðallega eru til komnar vegna endurgreiðslna frá Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) fyrir útlögðum ferðakostnaði og styrkur við ýmis verkefni sem unnin voru í samstarfi við EPO.

## Samanburður og skýringar á helstu frávikum

Sá mikli munur sem kom fram á tekjum stofnunarinnar miðað við áætlun skýrist að töluverðu leiti af gengishruni krónunnar, þar sem stór hluti tekna ELS er innheimtur hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í svissneskum frönskum. Alþjóðahugverkastofnunin breytir upphæð gjalda vegna gengisbreytinga á tilteknum fresti. Þannig urðu tekjur mun hærri en áætlað hafði verið. Á móti kemur að stofnunin greiðir m.a. fyrir nýnæmisrannsóknir í erlendri mynt.

Hækkun á gjöldum miðað við rekstraráætlun er að mestu tilkomin vegna hækkunar á sérfræðiþjónustu. Öll þjónusta, innlend sem erlend, hækkaði talsvert á síðari hluta árs. Stofnunin hefur útvistað tiltekna þætti þjónustunnar, m.a. nýnæmisrannsóknnum og faggildingarúttektum, til erlendra aðila. Þeir gjaldaliðir hækkuðu mikið vegna stöðu íslensku krónunnar. Þá hækkaði ferða- og dvalarkostnaður nokkuð umfram spár en launaliðurinn var hins vegar 10 m. kr. lægri en áætlað var.

Hönnun: Næst

Ljósmyndir: Kristín Bogadóttir, Jóhannes Long, WIPO/Mercedes Martínez Dozal og fl.